

STJÖRNULÍFFRÆÐIN OG KRISTIN TRÚ

Í síðasta skipti sem ég átti tal við dr. Jón biskup Helgason — það var ekki alllöngu áður en hann lagðist banaleguna — minnist ég þess að hann sagði: „Þú vilt (eftir dauðann) fara á aðra stjörnu.“ Ekki man ég hvað bar til þess, að biskupinn leiddi þetta í tal; ég hafði ekki vakið máls á því, og gerði aldrei þegar ég talaði við hann, því að mér var vel ljóst, að ég mátti ekki búast við því af svo öldruðum guðfræðingi, að hann gæti farið að taka undir þær náttúrufræðilegu kennningar varðandi guðfræði, sem ég er að koma með, enda fann ég nú, að honum þótti sem ekki væri um annað að ræða en nokkurskonar duttlunga af minni hálfu.

„Hvert ætlar þú að fara eftir dauðann?“ spurði ég. Hann færðist heldur undan að svara, en sagði eitthvað á þá leið, að hann tæki um það því sem að höndum bæri. Og það verðum við auðvitað öll að gera, en þó betra að vera ekki alveg óvitandi um hvað við tekur. En í þeim efnum er kristin kenning mjög ófullkomin, eins og marka má af því, að sumu sem guðspjöllin segja að Kristur hafi kennt í þá átt, hafna nú allir kristnir menn, en öðru, margir eða flestir. Allir hafna nú þeirri kenningu, sem einu sinni þótti þó svo stórmerkileg, að heimsendir mundi verða á dögum sumra þeirra samtíðarmanna Krists sem lifðu hann, og að þeir sem tryðu á hann mundu í þeim ósköpum, ekki farast, heldur lifa eilíflega, án þess að hafa reynt dauðann. Og margir, eða flestir hafna, þótt kristnir séu, kenningu Krists um eilífa útskúfun. En vitanlega eru nú á vorum dögum, mjög margir meðal hinna svonefndu kristnu þjóða, sem telja allt tal um líf eftir dauðann hégiljur einar og að engu hafandi. Og geta vantrúarmennirnir vitnað í það, að hver trúarbrögðin eftir

önnur hafi liðið undir lok, enda bendir það óneitanlega til þess, að í þeim efnum, geti trú ein ekki orðið oss að fullum notum, þar dugi ekkert minna en að vita. Vísindi þurfi þar að geta komið í trúar stað og vantrúar. Enda getur svo orðið, og er jafnvel þegar orðið, og eigi einungis þannig, að sannanir séu fengnar fyrir lífi eftir dauðann, heldur getum vér einnig vitað hvernig lífinu eftir dauðann — eða framlífinu, eins og ég nefni það — er háttáð. Og er einmitt sú vitneskja sérstaklega áríðandi, því að án hinnar náttúrufræðilegu þekkingar á lífinu eftir dauðann, eða m. ö. o., án þess að líf-fræðin sé færð út til stjarnanna, getur ekki það samband tekist, sem ekki verður án verið, ef vel á að fara. Og vitanlega lifa einnig þeir eftir dauðann og endurlíkamast á annarri jörð, sem ekki hafa trúað á neitt framlíf og jafnvel ekki óskað þess að það ætti sér stað. En bæði trúuðum og vantrúuðum mun í fyrstu veita nokkuð erfitt að átta sig, og kunna af því að rísa nokkrir örðugleikar.

Vér getum verið vissir um, að hinn látni kirkjuhöfðingi er nú kominn fram á annarri stjörnu, jafnvel þó að hann hefði engar óskir í þá átt. Og vér getum, meira að segja, talið mjög líklegt, að hann sé kominn fram í Reykjavík sem er á Íslandi einhverrar annarrar jarðar, og að vísu í Reykjavík sem er nokkru fornlegri á svip, en sú sem hann hefir nú yfirgefið. En því miður er kirkjan, í þessum efnum, svo ófullkomin stofnun, að hún getur ekki veitt oss það samband, sem bæði hans og vor vegna, væri svo æskilegt, og til svo mikils gagns og fróðleiks gæti orðið.